

Mánudaginn 6. maí 1963.

Nr. 162/1960. **Rafgeislahitun h/f**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

dánarbúi Jóngeirs D. Eyrbekks

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Ómerking héraðsdóms. Heimvísun máls.

Dómur Hæstaréttar.

Málsaðilinn Jóngeir D. Eyrbekk andaðist eftir uppsögu héraðsdóms, og hefur dánarbú hans tekið við aðild málsins.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. september 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Hann krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Í samningi málsaðilja í héraði 23. desember 1958, sem getið er í héraðsdómi, segir svo:

„Undirritaðir aðiljar, Rafgeislahitun h/f, Reykjavík, sem seljandi og Jóngeir Eyrbekk, Hafnarfirði, sem kaupandi gerum með okkur svofelldan samning:

Seljandi skuldbindur sig til að selja kaupanda og kaupandi skuldbindur sig til að kaupa af seljanda Eswara-geislahitunarefni í hús við Linnetsstíg í Hafnarfirði samkvæmt tilboði, dags. 25/10 1958. Jafnframt skuldbindur kaupandi sig til að láta seljanda annast eftirlit með uppsetningu hitunarkerfisins og frágangi.“

Fram er komið, að kaupandi efnisins lét vinna verkið, án þess að tilkynna framkvæmd þess seljanda, sem því átti eigi kost neins eftirlits, þrátt fyrir greint samningsákvæði. Það er því ekki rétt hermt í forsendum hins áfrýjaða dóms

og hefur eigi stöð í málgögnum fyrir héraðsdómi, að áfrýjandi hafi „samkvæmt samningi aðilja“ átt að „annast uppsetningu“ hitunarefnisins „og frágang í húsi stefnanda“ og að hann hafi annast „uppsetningu hitunarefnis þessa“. Þar sem dómurinn er þannig reistur á röngum forsendum um mikilvæg málsatvik, þykir verða að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Áfrýjandi, sem án lögmætra forfalla lét þingsókn falla niður í héraði eftir þingfestingu málsins, greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Áfrýjandi, Rafgeislahitun h/f, greiði stefnda, dánarbúi Jóngeirs D. Eyrbekks, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. desember 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. desember 1959, hefur Jóngeir D. Eyrbekk fisksali, Vesturbraut 10, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 19. október 1959, gegn Guðlaugi E. Jónssyni sem stjórnarformanni Rafgeislahitunar h.f., Einholti 2, Reykjavík.

Gerir stefnandi þær dómkröfur,

að stefnda verði gert að taka aftur rafgeislahitunarefni, það sem stefnandi keypti af stefnda með kaupsamningi 23. desember 1958 og sett var upp í Fiskhöllinni við Linnettsstíg í Hafnarfirði,

að stefnda verði gert að greiða stefnanda andvirði efnisins, uppsetningarkostnað og tapaða húsaleigu kr. 43.371.16, auk 6% ársvaxta frá 6. júní 1959 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi lækkað kröfu sína vegna tapaðrar húsaleigu um kr. 6000.00 í kr. 37.371.00.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum

þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. 1. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 23. desember 1958, keypti stefnandi ESWA-rafgeislahitunarefni í hús sitt við Linnettsstíg (Fiskhöllina) í Hafnarfirði af Rafgeislahitun h.f., Reykjavík. Annaðist stefndi uppsetningu hitunarefnis þessa og lauk verkinu síðast í marz. Þann 6. júní s.l. kom upp eldur í einni rafgeislahitunarplötunni og eyðilagðist hún, en slökkviliði tókst að koma í veg fyrir frekari verulegar skemmdir.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi gert ráð fyrir því, þegar hann keypti hitunarefni þetta, að það væri sömu tegundar og viðurkenning Rafmagnseftirlitsins næði til. Raunin hefði hins vegar verið sú, að um nýja framleiðslugerð hefði verið að ræða og hefði stefndi ekki látið sig vita um það. Þá hefði stefndi og látið undir höfuð leggjast að afla leyfis rétttra yfirvalda til uppsetningar hitunarkerfisins, svo sem þó var áskilið í kaupsamningi (dskj. 4). Auk þessa hefði svo komið í ljós framleiðslugalli á plötunum, en samkvæmt kaupsamningi hefði stefndi áskilið sér rétt til að annast eftirlit með uppsetningu og frágangi hitunarefnisins.

Samkvæmt samningi aðilja, dags. 23. desember 1958, skyldi stefndi selja stefnanda ESWA-rafgeislahitunarefni svo og annast uppsetningu þess og frágang í húsi stefnanda. Var í samningi þessum kveðið svo á, að leyfi viðkomandi yfirvalda til uppsetningar þess lægi fyrir, þegar samningurinn gengi í gildi, en það var 23. desember 1958. Einnig tók stefndi 1 árs ábyrgð á öllum göllum, sem fram kynnu að koma og stefnanda yrði ekki um kennt.

Af greinargerð Rafmagnseftirlits ríkisins, dags. 14. júlí 1959 (dskj. 7), er ljóst, að rafgeislahitunarplötur þær, sem hér um ræðir, eru ekki að öllu leyti samkvæmt lýsingu á plötum þeim, sem Rafmagnseftirlitið samþykkti árið 1954. Í þessari greinargerð er þess einnig getið, að hitaliðar kerfisins hafi ekki heldur verið samþykktir. Þá liggur fyrir í málinu yfirlýsing Rafveitu Hafnarfjarðar, dags. 27. júlí 1959 (dskj. 10), þess efnis, að hún muni ekki leyfa endurtengingu hitakerfisins fyrr en fyrir liggja samþykkt raffangaprófunarinnar.

Þegar á þetta er litið, svo og það, að hitunarkerfinu hefur í ýmsu verið áfátt, eins og fram kemur í áður nefndri greinargerð Rafmagnseftirlitsins, verður niðurstaðan sú, að taka beri

til greina fyrri lið dómkrafna stefnanda, sbr. 42. gr. laga nr. 39/1922, enda verður að líta svo á, að í honum felist krafa um riftingu kaupanna. Einnig verður að telja stefnda skylt að bæta stefnanda það tjón, sem hann hefur orðið fyrir vegna brunans.

Bótakröfur í síðari lið dómkrafna sinna sundurliðar stefnandi þannig:

1. Andvirði efnis	kr. 14.742.70
2. Uppsetningarkostnaður	— 7.628.46
3. Tap á húsaleigu í 5 mánuði	— 15.000.00

Kr. 37.371.16

Liðir 1—2, sem stefnandi kveðst hafa greitt, verða teknir til greina, enda eru þeir í samræmi við skjöl og skilríki, sem fyrir liggja.

Bótakröfurnar í 3. lið hefur stefnandi rökstutt þannig, að hann hafi leigt „Wanson-umboðinu“ verzlunarhúsnæði í téðu húsi, en það hafi orðið að flytjast brott, þegar hitunin bilaði. Fyrirtæki þetta hafi greitt í leigu kr. 2500.00 á mánuði, og er krafizt leigu fyrir 5 mánuði, þ. e. frá 1. júní til 1. nóvember, en 29. október hóf stefnandi framkvæmdir við að byggja ofan á húsið. Þá hafi og verið í húsinu fyrirtækið Bifreiða- og fasteignasalan og greitt í leigu kr. 500.00 á mánuði. Hafi hún einnig orðið að fara úr húsnæðinu. Er þar og krafizt leigu fyrir 5 mánaða tímabil.

Af gögnum málsins er ljóst, að stefnandi fékk fjárfestingarleyfi til þess að byggja ofan á og við umrætt hús sitt 15. september 1959 og samkvæmt samningi, dags. 16. október 1959, leyfði stefnandi frímúrarastúkunni Hamri í Hafnarfirði að byggja ofan á hús sitt, en framkvæmdir hófust 29. október s. á. Með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að stefnandi eigi rétt til bóta vegna missis leigu frá „Wanson-umboðinu“ lengur en til 1. október, eða í 4 mánuði.

Hins vegar hefur stefnandi látið hjá líða að leggja fram skilríki um leigugreiðslur Bifreiða- og fasteignasölunnar, þrátt fyrir ábendingu dómsins, og verða því ekki teknar til greina kröfur hans þar að lútandi.

Þer því stefnanda að greiða samkvæmt þessum lið kr. 10.000.00. Málskostnaður ákveðst kr. 4600.00.

Sigurður Líndal, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Jóni Á. Bjarnasyni verkfræðingi og Óskari Hallgrímssyni rafvirkja.

Dómsorð:

Stefnanda, Jóngeiri D. Eyrbekk, er rétt að rifta kaupum þeim, sem hann átti við stefnda í máli þessu, Rafgeislahitun h.f., með samningi, dags. 23. desember 1958.

Stefndi greiði stefnanda kr. 32.371.16 með 6% ársvöxtum frá 6. júní 1959 til greiðsludags og kr. 4.600.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. maí 1963.

Nr. 126/1962. **Guðmundur Ingimundarson**

(Kristinn Gunnarsson hrl.)

gegn

Edvald B. Malmquist

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

D ó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Mál til heimtu leigugjalds.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1962 og gerir þær réttarkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í máli þessu og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins afrýjaða dóms og að afrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í Hæstarétti.

Sýknukröfu sína reisir afrýjandi fyrst og fremst á því, að honum sé ranglega stefnt. Honum sé stefnt persónulega í stað þess að stefna hafi átt honum fyrir hönd dánarbús Ingimundar Ingimundarsonar.

Á bæjarþingi Reykjavíkur 7. desember 1960 mætti afrýj-